


25. mars 2015

21 þúsund hluthafar Kauphallarfélaganna

Ársuppgjör skráðu hlutafélaganna hafa nú öll verið birt, fyrir utan Haga, en fjárhagsár Haga er frábrugðið hinum félögunum að því leyti að því lýkur í lok febrúar ár hvert. Þrátt fyrir að athyglin beinist einna helst að því hvernig rekstar- og efnahagsstærðir þróuðust á liðnu ári ásamt tillögum stjórna félaganna um hvernig hagnaði síðasta rekstrarárs skuli ráðstafað (líkt og við höfum áður fjallað um í Markaðspunkti okkar og sjá má [hér](#)) þá er einnig áhugavert að skoða hver þróun og breyting á fjölda hluthafa var á síðasta ári, en upplýsingar um fjölda hluthafa eru jafnan birtar við ársuppgjör félaganna.

Fagfjárfestaumhverfið á Íslandi er tiltölulega föst stærð, þ.e. fjöldi fagfjárfesta og því má leiða að því líkur að breytingar á fjölda hluthafa endurspegli ágætlega fjölda og umfang almennra fjárfesta, til dæmis almennings og í einhverjum tilvikum fyrirtækja, á hlutabréfamarkaðnum. Fjöldi hluthafa gefur þó vitanlega ekki endanlega mynd af þessari þróun þar sem fleiri leiðir eru til fjárfestinga í hlutafélögum beint og óbeint, til að mynda með fjárfestingu í verðbréfasjóðum.


Samanlagður fjöldi hluthafa félaga í Kauphöllinni



Heimild: Ársreikningar félaganna, Greiningardeild Arion banka

* Fjöldi hluthafa í Högum miðað við lok fjárhagsárs, sbr. hér að ofan


Alls voru í árslok 2014 rúmlega 21 þúsund hluthafar í íslensku félögunum þrettán sem skráð eru á Aðallista Kauphallarinnar og fjölgaði þeim um rúm 7% milli ára. Þarna eru vissulega sumir hluthafar margtaldir enda er algengt að eigendur hluta í Kauphöllinni eigi í fleiri en einu félagi. Flestir eru hluthafarnir í Össuri eða tæplega 3.300 talsins. Aftur á móti eru einungis um þriðjungur hlutabréfa Össurar í eigu innlendra aðila, en bréf félagsins eru einnig skráð í Danmörku. Að teknu tilliti til þess má gera ráð fyrir að flestir innlendir fjárfestar séu í Sjóvá, eða um 3.000 talsins, en bréf félagsins voru tekin til viðskipta í Kauphöllinni fyrir tæpu ári síðan. Fæstir voru hluthafarnir í Nýherja, eða 329 talsins og fjölgaði þeim um 51 milli ára.



Heimild: Ársreikningar félaganna, Greiningardeild Arion banka

Á myndinni hér að ofan má sjá fjölda eigenda hvers félags í árslok og breytingu í fjölda hluthafa á milli ára. Stærstu einstöku hreyfingarnar á síðasta ári má að miklu leyti rekja til þeirra hlutfjárútboða sem hafa átt sér stað á síðustu tveimur árum. Þannig fækkaði hluthöfum mest í N1, VÍS og TM, sem öll voru skráð á markaðinn 2013 og á móti fjölgaði hluthöfum mest í Sjóvá og HB Granda sem komu ný inn á hlutabréfamarkaðinn á síðasta ári. Af öðrum skráðu félögunum sem hafa lengri sögu á hlutabréfamarkaði fækkaði hluthöfum mest í Eimskip, eða um 123 á meðan þeim fjölgaði mest í Icelandair (að teknu tilliti til hlutfallslegrar eignar Íslendinga í Össuri), eða um 266.

Fjöldi fjölskyldna sem á hlutabréf



Hlutfjáreign almennings á Íslandi fer að mestu leyti fram í gegnum lífeyrissjóði. Beint eignarhald almennings á fyrirtækjum er þó algengara en fjöldi hluthafa Kauphallarfélaganna gefur til kynna. Þannig sýna samandregnar niðurstöður skattframtala að um 50 þúsund fjölskyldur á Íslandi eigi hlutabréf og hefur sá fjöldi farið vaxandi frá árinu 2011. Hér getur verið um fjölbreytta flóru fyrirtækja að ræða, frá litlum rótgrónum fjölskyldufyrirtækjum til nýsköpunarfyrirtækja í eigu nokkurra vina og vandamanna eða eignarhluta í fyrirtækjum sem eitt sinn voru mikils virði en mega nú muna nú fífil sinn fegurri og bíða slita.

Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Konráð S. Guðjónsson
konrad.gudjonsson@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir
regina.bjarnadottir@arionbanki.is
444-6969